

## 8. gr.

Gatnagerðargjald skv. 5. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða. Ef ákveðið verður að innheimta gjald, skv. 5. gr. af fasteignum við götu þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

## 9. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð, og skal það gjald þá koma til frádráttar með álagi samkvæmt breytingu á vísitölu sem orðin er frá því að greitt var enda hafi gjaldið verið ætlað til framkvæmda við bundið slitlag á götu.

## 10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

## 11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lög-taki skv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975. til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.*

**F. h. r.**

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Eyrarbakkaheppi.

## 1. gr.

Félagsmálanefnd öryrkja og eldri borgara fer með stjórn heimilishjálpar í Eyrarbakkaheppi í umboði hreppsnefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum stjórnanda með þekkingu á heimilisskörfum, sem félagsmálanefndin ræður til starfsins. Hann skal að jafnaði sitja fundi félagsmálanefndar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálp, með málfrelsi og tillögurétti.

## 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er tvíþætt:

Annars vegar veitir hún um stundarsakir hjálp við heimilisstörf á heimilum, þegar sannað er, að hjálp sé nauðsynleg vegna sjúkdóms, barnsburðar, slyss, dauðsfalls eða af öðrum ástæðum, að mati félagsmálanefndarinnar. Umsókn um heimilishjálp skal fylgja vottorð læknis eða ljósmóður. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 14 daga, en félagsmálanefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Hins vegar veitir hún elli- og örorkulífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar sannað er með vottorði læknis eða á annan hátt, sem félagsmálanefnd eða stjórnandi heimilishjálparinnar metur gildan, að þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalist í heimahúsum.

Hversu lengi aðstoðin er veitt fer eftir aðstæðum í hverju tilviki samkvæmt mati stjórnanda heimilishjálparinnar og félagsmálanefndar.

## 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar. Stjórnandanum ber að ganga örugglega úr skugga um, að starfsfólk, sem heimilishjálp stundar á vegum nefndarinnar, sé hæft til starfsins, hafi lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og sé samkvæmt vottorði læknis ekki haldið smitandi sjúkdómum. Um launakjör og hlunnindi starfsfólks fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

## 4. gr.

Sveitarsjóður Eyrarbakkahepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín.

## 5. gr.

Starfsfólk heimilishjálparinnar skal gæta þagmælsku um hagi hjálparþega, sem það verður áskynja um í starfi sínu. Starfsfólkið tekur laun sín hjá sveitarsjóði, og er því óheimilt að taka við neins konar greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem það veitir aðstoð.

## 6. gr.

Þeir, sem njóta heimilishjálpar, skulu greiða helming launa hjálparstúlku, eins og þau eru hverju sinni. Félagsmálanefndin getur að fengnum tillögum stjórnanda heimilishjálparinnar veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti.

Félagsmálanefndin skal stuðla að því, að þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hjálpar njóta samkvæmt 3. málsgrein 2. greinar þessarar reglugerðar, fái greiddar uppbætur á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. grein almannatryggingalaga til að standa straum af sínum greiðsluhluta. Félagsmálanefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta við framkvæmd heimilishjálparinnar.

## 7. gr.

Skrifstofa Eyrarbakkahepps veitir félagsmálanefnd nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda og skrifstofustörf við framkvæmd heimilishjálparinnar. Sveitarsjóður Eyrarbakkahepps annast innheimtu, greiðslur og reikningshald fyrir heimilishjálpinu, og reikningar hennar endurskoðast með reikningum Eyrarbakkahepps.

## 8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóði.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1975.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Jón Sigurpálsson.*

17. september 1975.

Nr. 432.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 181 5. maí 1974 um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. september 1975.*

Halldór E. Sigurðsson.

*Brynjólfur Ingólfsson.*

29. september 1975.

Nr. 433.

## AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Dalvíkur Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Dalvíkur Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 10.00—12.00 og 13.30—18.00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. september 1975.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Almar Grímsson.*